

Sp.

650. Þingsályktun

[59. mál]

um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

(Afgreidd frá Sp. 29. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og landingar á Ísafjarðarflugvelli.
2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.
3. Öryggisútbúnaði og lýsingu á Þingeyrarflugvelli.
4. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og landingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugun þessari skal hraðað svo sem frekast er kostur.

Fylgiskjal II.

Gunnar Sigurðsson sérfræðingur.

Hve mikill hluti landbúnaðarframleiðslunnar er framleiddur á innfluttu fóðri?

Á árinu 1979 voru alls flutt inn um 85 þúsund tonn af fóðurbæti. Við þetta bætist innlendur fóðurbæti, sem er aðallega graskögglar og fiskimjöl. Árið 1979 var mjög slakt sprettusumar hvað heildina varðar. Þá voru framleidd 9671 tonn af graskögglum, þó svo að í venjulegu sumri eigi að vera hægt að framleiða allt að 12 þús. tonn-um við núverandi aðstæður. Innfluttur fóðurbæti og graskögglar gera því samtals um 95 þúsund tonn árið 1979.

Við samanburð á heimildum um heyafla og fóðurbætisinnflutning kemur í ljós að á árabílinu 1950—1960 er innfluttur fóðurbæti innan við 10% af samanlagðri orku heyja og innflutts fóðurbætis (tafla V4). Á árabílinu 1960—1970 virðist hlutdeild innflutningsins vaxa í um eða yfir 20% og var á árinu 1978 um 25%.

Við mat á hlutdeild nautgripa- og sauðfjárbúskapar í heildarfóðurbætisnotkuninni er fróðlegt að skoða niðurstöður búreikninga. Þar er til yfirlit um heildarfóðurbætisnotkun annars vegar og framleiðslumagn mjólkur á kúabúum og kindakjöts á sauðfjárbúum hins vegar. Þetta samhengi er sýnt fyrir 3 ár í töflu 1.

Tafla 1. Afurðir fyrir hvert kg af fóðurbæti á kúabúi (litrar mjólkur) og sauðfjárbúi (kg kindakjöts). (Ársskýrslur Búreikningastofu '76, '77 og '78.)

Ár	1976	1977	1978	Meðaltal
Kúabú	2.69	2.66	2.83	2.73
Sauðfjárbú	1.36	1.43	1.42	1.40

Eins og fram kemur í töflu 1, þá framleiddu þeir búreikningabændur, sem kúabúskap stunda, að meðaltali 2.73 lítra af mjólk fyrir hvert kg af aðkeyptum fóðurbæti. Á sama hátt framleiddu þeir sauðfjárbændur, sem skýrslurnar ná til, um það bil 1.40 kg af kindakjöti fyrir hvert kg af fóðurbæti sem keyptur var.

Ef þessi hlutföll eru notuð til að áætla fóðurbætisnotkun til viðkomandi framleiðslu á landinu öllu, má reikna með þeim tölum, sem fram koma í töflu 2. Árið 1979 voru framleidd 15170 tonn af kindakjöti, en af mjólk er reiknað með að framleiddir verði um 126 milljónir lítra á því framleiðsluári, sem nú er að ljúka.

Tafla 2. Áætluð ársnotkun á fóðurbæti til framleiðslu á mjólk og kindakjöti.

	Framleiðsla	Stuðull	Fóðurbætisnotkun (tonn)
Kýr	126 000 000 l	2.73	46 154
Sauðfé	15 170 000 kg	1.40	10 800

Alls 56 954

Samkvæmt þessu eru notuð um það bil 60 þúsund tonn af fóðurbæti til framleiðslu á mjólk og kindakjöti. Má því ætla að aðrar búgreinar noti afganginn eða um 35 þús. tonn.

Þó svo að þarna sé komin nokkuð sæmileg vísbending um fóðurbætisnotkun kúabænda, er erfitt að segja til um hve mikill hluti þessa magns er notaður við sjálfa mjólkurframleiðsluna og hve stór hluti er notaður sem fóður handa geldpeningi. Við venjulegar aðstæður má reikna með að hvert kílógramm af fóðurbæti skili um það bil 2 kílógrömmum af mjólk, þó svo að fræðilega eigi að fást 2.5 kg af mjólk. Erfitt er sem sagt að slá neinu föstu, en ef 2 kg eru lögð til grundvallar,

Alþt. 1979. A. (102. löggjafarþing).

261